# Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands

## Ársreikningur 2020

## Efnisyfirlit


| Efnisyfirlit | bls. |
|---|---|
| Skýrsla og staðfesting stjórnar | 2 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 3-4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-10 |



Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands
Kennitala 620316-1800
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

# Skýrsla stjórnar

### Meginstarfsemi sjóðsins
Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands er sjálfseignarstofnun og er tilgangur sjóðsins að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum.

### Starfsemin á árinu
Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var afkoma ársins 2020 neikvæð um kr. 18 milljónir samanborið við neikvæða afkomu ársins 2019 kr. 30 milljónir. Eigið fé sjóðsins í árslok 2020 var kr. 227 milljónir. Ráðstöfun afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringum.

Það er álit stjórnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun sjóðsins, komi fram í ársreikningnum.

### Covid-19
Heimsfaraldur af völdum COVID-19 veirunnar sem braust út í byrjun árs 2020 hafði áhrif á starfsemi sjóðsins. Stjórnendur eru að vinna að lágmörkun áhrifanna.

### Ráðstöfun afkomu
Stjórnin vísar til skýringa varðandi ráðstöfun á afkomu sjóðsins.

### Stofnendur
Sjóðurinn var stofnaður 16. desember 2015. Stofnendur sjóðsins voru 25 en 10 stærstu stofnframlög til sjóðsins komu frá eftirfarandi aðilum:

Krabbameinsfélag Íslands
Sjóður Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna
Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson
Krabbameinsfélag Reykjavíkur
Krabbameinsfélag Snæfellsness
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis
Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga
Krabbameinsfélag Suðurlands
Krabbameinsfélag Suðurnesja
Stómasamtök Íslands

Stjórn Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2020 með áritun sinni.

Reykjavík 29. apríl 2021

Stjórn:

Sigríður Gunnarsdóttir

Ásgerður Sverrisdóttir | Guðbjörg Edda Eggertsdóttir

Guðrún Sigurjónsdóttir | Helgi Sigurðsson

Sigurður B. Stefánsson | Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Vísindasjóð Krabbameinsfélagsins

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins fyrir árið 2020, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

*Ársreikningurinn innifelur*
- Skýrslu stjórnar
- Rekstrarreikning fyrir árið 2020
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2020
- Sjóðstreymi fyrir árið 2020
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

**Grundvöllur álits**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

*Óhæði*
Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar**
Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.
Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 28. maí 2021

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Bryndís Björk Guðjónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2020

| | Skýringar | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlög og styrkir | 3, 9 | 41.031.068 | 22.070.000 |
| | | 41.031.068 | 22.070.000 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Styrkveitingar úr Vísindasjóði | 10 | 69.233.525 | 60.293.889 |
| Annar rekstrarkostnaður | 11 | 1.073.578 | 1.332.778 |
| | | 70.307.103 | 61.626.667 |
| **Rekstrartap** | | (29.276.035) | (39.556.667) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 11.686.557 | 12.293.421 |
| Greiddur og reiknaður fjármagnstekjuskattur | | (2.197.694) | (2.704.552) |
| | 4 | 9.488.863 | 9.588.869 |
| **Afkoma ársins** | | (19.787.172) | (29.967.798) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| Eignir | Skýringar | 2020 | 2019 |
| --- | --- | --- | --- |
| **Fjárfestingar** | | | |
| Íbúðarbréf, 1. fl.2004 | | 3.514.113 | 3.514.113 |
| Fjárfestingarsjóðir | 12 | 194.628.352 | 218.081.357 |
| | | 198.142.465 | 221.595.470 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Kröfur á Krabbameinsfélag Íslands | | 40.544.646 | 34.073.137 |
| Handbært fé | 5 | 4.888.632 | 5.922.650 |
| | | 45.433.278 | 39.995.787 |
| **Eignir samtals** | | 243.575.743 | 261.591.257 |

## Eigið fé og skuldir

| | | | |
| --- | --- | --- | --- |
| **Eigið fé** | | | |
| Bundið eigið fé: | | | |
| Höfuðstóll óskerðanlegur | | 20.000.000 | 20.000.000 |
| Höfuðstóll til ráðstöfunar síðar | | 81.844.820 | 107.306.024 |
| | | 101.844.820 | 127.306.024 |
| Óbundið eigið fé: | | | |
| Höfuðstóll laus til styrkveitinga | | 123.786.974 | 118.112.942 |
| **Eigið fé samtals** | 6 | 225.631.794 | 245.418.966 |
| **Skuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 6.913.746 | 5.382.051 |
| Ógreiddir styrkir | 7 | 11.030.203 | 10.790.240 |
| | | 17.943.949 | 16.172.291 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 243.575.743 | 261.591.257 |

# Sjóðstreymi ársins 2020

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | |
| Afkoma ársins | (19.787.172) | (29.967.798) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | |
| Áfallnar vaxtatekjur og verðbætur, verðbréfa | (10.546.995) | (12.162.014) |
| Hreint veltufé til rekstrar | (30.334.167) | (42.129.812) |
| | | |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | (6.471.509) | 27.194.499 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | |
| Skammtímaskuldir | 1.771.658 | 2.667.210 |
| | (4.699.851) | 29.861.709 |
| | | |
| **Handbært fé til rekstrar** | (35.034.018) | (12.268.103) |
| | | |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | |
| Verðbréf | 0 | 791.635 |
| Aukning minnkun eigna í fjárvörslu | 34.000.000 | 15.985.170 |
| | 34.000.000 | 16.776.805 |
| | | |
| **(Lækkun) Hækkun á handbæru fé** | (1.034.018) | 4.508.702 |
| | | |
| Handbært fé í byrjun árs | 5.922.650 | 1.413.948 |
| **Handbært fé í árslok** | 4.888.632 | 5.922.650 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands er sjálfseignarstofnun og er tilgangur sjóðsins að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum.

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur sjóðsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Árseikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

## 3. Tekjur

Framlög og styrkir til sjóðsins eru færð til tekna þegar fjárhagslegur ávinningur vegna þeirra hefur skilað sér til sjóðsins, eða þegar unnt er að meta fjárhagslegan ávinning þeirra með ábyggilegum hætti.

## 4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | Banka-reikningar | Aðrir liðir | Samtals **2020** | Samtals **2019** |
|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur og gengishækkun fjáreigna ............ | 85.071 | 11.601.486 | 11.686.557 | 12.293.421 |
| Afdreginn fjármagnstekjuskattur ........................ | (1.548.671) | (649.023) | (2.197.694) | (2.704.552) |
| | (1.463.600) | 10.952.463 | 9.488.863 | 9.588.869 |

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Reiknaður fjármagnstekjuskattur af óinnleystum hagnaði og áföllnum vöxtum eignastýringar er áætlaður í árslok kr.6.913.746. Eignasafnið að frádregnum áætluðum fjármagnstekjuskatti er því áætlað að virði kr.187.714.606 þann 31.12.2020.

## 5. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

# Skýringar

## 6. Eigið fé

Samkvæmt stofnskrá sjóðsins er óskerðanlegur hluti stofnframlags kr. 20.000.000.

Sjóðstjórn hefur árlega til ráðstöfunar 10% af upphaflegu stofnframlagi eða kr. 25.461.204, án þess þó að gengið sé á óskerðanlegan hluta þess auk rekstrarafkomu ársins.

**Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum**

| | Höfuðstóll óskerðanlegur | Höfuðstóll til ráðstöfunar síðar | Höfuðstóll laus til styrkveitinga | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Hreyfingar 2019:** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 20.000.000 | 132.767.228 | 122.619.536 | 275.386.764 |
| Af höfuðstól til styrkveitinga | 0 | (25.461.204) | 25.461.204 | 0 |
| Afkoma ársins | 0 | 0 | (29.967.798) | (29.967.798) |
| Staða í árslok | 20.000.000 | 107.306.024 | 118.112.942 | 245.418.966 |
| **Hreyfingar 2020:** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 20.000.000 | 107.306.024 | 118.112.942 | 245.418.966 |
| Af höfuðstól til styrkveitinga | 0 | (25.461.204) | 25.461.204 | 0 |
| Afkoma ársins | 0 | 0 | (19.787.172) | (19.787.172) |
| Staða í árslok | 20.000.000 | 81.844.820 | 123.786.974 | 225.631.794 |

## 7. Ógreiddir styrkir

Samkvæmt úthlutunarreglum Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands heldur sjóðurinn eftir 10% af úthlutuðum styrkjum sem koma til greiðslu þegar vísindarannsóknum lýkur og lokaskýrslum hefur verið skilað til sjóðsins.

## 8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins er Krabbameinsfélag Íslands þar sem það er fjárhagslega háð framlögum frá Krabbameinsfélagi Íslands. Stjórn félagsins, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila eru einnig skilgreindir sem tengdir aðilar. Stöður við tengda aðila voru eftirfarandi:

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| *Sundurliður á kröfum og skuldum á tengda aðila* | | |
| Krabbameinsfélag Íslands | 40.544.646 | 34.073.137 |

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands hefur tekið ákvörðun um að veita styrk til félagsins að fjárhæð kr. 41.031.068 á árinu 2021. Þar af munu kr. 10.515.534 koma til greiðslu til félagsins á árinu 2022.

# Skýringar

## 9. Framlög og styrkir

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Krabbameinsfélag Íslands | 41.031.068 | 22.000.000 |
| Ingibjörg Jóna Garðarsdóttir | 0 | 70.000 |
| | 41.031.068 | 22.070.000 |

## 10. Styrkveitingar úr Vísindasjóði

| | | |
|---|---|---|
| Erna Magnúsdóttir | 10.000.000 | 10.000.000 |
| Þórhildur Halldórsdóttir | 9.295.000 | 0 |
| Andri Steinþór Björnsson | 9.276.000 | 7.442.000 |
| Hans Tómas Björnsson | 9.122.525 | 0 |
| Margrét Helga Ögmundsdóttir | 8.500.000 | 5.000.000 |
| Birna Baldursdóttir | 4.980.000 | 4.360.000 |
| Gunnhildur Ásta Traustadóttir | 4.500.000 | 2.500.000 |
| Ragnar Grímur Bjarnason | 4.320.000 | 0 |
| Sigurður Guðjónsson | 4.300.000 | 0 |
| Bylgja Hilmarsdóttir | 3.100.000 | 0 |
| Inga Reynisdóttir | 1.840.000 | 5.000.000 |
| Stefán Sigurðsson | 0 | 6.800.000 |
| Guðrún Valdimarsdóttir | 0 | 6.450.000 |
| Helga Margrét Ögmundsdóttir | 0 | 4.745.000 |
| Rósa Björk Barkardóttir | 0 | 4.334.000 |
| Suzannah A. Williams | 0 | 2.492.889 |
| Ágúst Ingi Ágústsson | 0 | 1.170.000 |
| | 69.233.525 | 60.293.889 |

## 11. Annar rekstrarkostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Auglýsingakostnaður | 119.387 | 874.131 |
| Þóknun vegna fjárvörslu og bankakostnaður | 414.372 | 451.910 |
| Risna | 897 | 6.737 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 486.422 | 0 |
| Annar kostnaður | 52.500 | 0 |
| | 1.073.578 | 1.332.778 |

## 12. Fjárfestingarsjóðir

| | | |
|---|---|---|
| Arion banki, Eignaval A, nokkrir sjóðir | 188.738.924 | 177.840.169 |
| Arion banki, Stefnir - Lausafjársjóður | 0 | 20.281.397 |
| Arion banki, Skuldabréf og aðrar skammtímaeignir | 5.889.428 | 19.959.791 |
| | 194.628.352 | 218.081.357 |